

# ÍSLENZK STEFNA

IV. ÁRG.

APRÍL 1962


I. TBL.

Sú var tíðin, að enginn vissi að vér mennirnir eigum heima nú þegar á himni. Enginn vissi að heimkynni vort, jörðin er smákorn eitt í ríki himnanna, stjarna innan um aðrar stjörnur, blikandi neisti á himinhvolfinu, allt eins og þær.

Og enn er nokkuð líkt ástatt þar sem um framhald lífsins er að ræða. Langmestur hluti alls mannkyns hefur um langan aldur trúað á framhald lífsins. En menn hugðu þetta framhald lífsins utan við náttúruna eða yfirnáttúrulegt. Eitthvað svo gerólíkt því lífi, sem lifað er á jörðu hér, að það virtist í rauninni óskiljanlegt með öllu. Og ýmsir gáfust alveg upp við að trúá á nokkurt framhald, af því að þeim virtist svo sem þar yrði engri skynsemi við komið.

HELGI P JETURSS

*Nýall 1922*



HELGI PJETURSS



PÝAGÓRAS

# ÍSLENZK STEFNA

Útgefandi: Félag Nýalssinna

RITSTJÓRI:

PORSTEINN GUÐJÓNSSON

IV. árg.

April 1962

1. tbl.

## ÍSLENZK STEFNA

Pann 31. marz þ. á. eru liðin 90 ár frá fæðingu dr. Helga Pjeturss, og mun mega segja það nokkurnveginn fyrir víst, að verði afmælis hans ekki minnzt með meiri veg eftir 10 ár héðan en hin vanmáttugu og lítilsvirtu samtök Nýalssinna eru fær um að gera í þetta sinn, þá verði ekki langt eftir af íslenzkri sögu og jafnvel alls mannkyns.

Eins og kunnugt ætti að vera, þá var dr. Helgi náttúrufræðingur og gerði á sviði íslenzkrar jarðfræði stærri uppgötvunar en nokkur annar jarðfæðingur hefur gert, bæði fyrr og síðar, og er það því ekki að makgleikum, hve hans virðist nú vera lítið getið varðandi þetta efni af fræðimönum hér. En það sem sérstaklega er þó um að ræða í þetta sinn, eru líffræðiuppgötvunar hans, sem svo eru stórkostlegar, að valda mun aldahörfum í sögu þessa mannkyns, ef þegnar verða. Eða nákvæmar sagt, það sem hér er um að ræða er uppgötvun sanninda, sem svo eru mikilsverð, að verði þau ekki þegin, þá er fyrirsjáanleg glötun alls þess, sem á unnið hefur í lífi og menningu á þessari jörð, og er hér því, þar sem rit þetta er, lítil tilraun til að vekja athygli manna á þessum sannindum.

PORSTEINN JÓNSSON  
á Úlfsstöðum

## GLEYMDU ALDREI MÆTTI LÍFSINS

Margar eru þær setningar og tilsvör, sem menn heyra dag frá degi, og er gildi þeirra misjafnt sem að líkum lætur. Mörg er setningin gleymd um leið og hún er heyrð, önnur hverfur aldrei úr minni. Ein er sú setning, er ég hefi heyrt, er mér hefir síðan lærzt að meta betur er tímar hafa liðið, og vil ég greina frá henni hér og tildrögum hennar.

Það var eitt sinn fyrir nokkrum árum, er ég var staddur í svonefndum Vestrihvammi, skammt frá bænum heima. Lagðist ég í grasið stundarkorn og fór að hugsa um, að einhverstaðar í þessum hvammi hefði Helgi Pjeturss reist tjald sitt, er hann var hér á ferð sumarið 1906, en það hafði mér verið sagt. Er ég lá þarna, rann á mig höfgi, má vera, að ég hafi fallið í blund sem snöggvast. En er ég var a. m. k. vaknaður aftur en hugurinn þó enn óvirkur, fann ég að kom greinilega ósjálfrátt í hugann enska orðið „Never“. Leið svo dálítill stund, en síðan kom með sama hetti orðið „forget“. Enn varð hlé, og kom svo næst „dem Faktor“, (á þýzku). Enn leið stund og þó víst ekki alveg eins löng og milli hinna orðanna, og kom þá á þýzku „des Lebens“.

Er ég varð var fyrstu tveggja orðanna, veitti ég þeim enga sérstaka athygli, þar sem líka sökum þagnarinnar á milli varð ég ekki var neins samhengis. En er þriðja orðið kom og einkum er setningin var öll, tók ég eftir, að þessi orð voru þannig, að rétt væri að setja þau á sig, og fann líka, er hið fjórða var komið, að vissulega hefðu þau merkingu. En fleiri orð komu ekki, svo að ég yrði var. Ég hafði ekki vitað til, að ég væri gæddur dulheyrnarhæfileika eða nokkru í

þá átt, og þótti þetta því dálítið einkennilegt. Það var einkum tvennt, sem ég veitti undireins athygli, er ég fór að hugsa um þetta. Fyrst að á milli orðanna leið nokkur stund, (veit þó ekki hve löng, ég held ekki styrti en 20–30 sek. en e. t. v. nokkru lengri). Í öðru lagi var mér það ljóst, að ég hafði ekki hugmynd um, hvaða orð kæmi næst, eða hvort framhald yrði, fyrr en orðið barst í hugann ósjálfrátt. Í þriðja lagi var hvert orð svo greinilegt, að ekki var um að villast, og það þó að ekki væri á íslenzku, og skipt um frá ensku til þýzku í setningunni.

Þessi setning þótti mér að vonum merkileg, en lengi var það, að mér var ráðgáta, hversvegna hún var eins og send, og hvaða merkingu ég ætti í raun og veru að leggja í hana. Nú hygg ég, að mér sé það orðið ljósara. Áður en mér barst hún var ég að hugsa um Helga Pjeturss. Mundi það ekki vera svo, að hann hefði orðið þess var og getað sent mér þessa fögru orðsendingu. Og þó ekki síður það, að í orðum þessum sé falið það, er hann telur meginatriði kenninga sinna.

Eins og fram kemur hér í greininni, er það orðið *Faktor*, sem ég þýði með orðinu *máttur*. Í raun og veru mun tæpast nokkurt einstakt íslenzkt orð samsvara að fullu hugtakinu *Faktor*. Orðið þáttur mun gjarnast notað og nær einna bezt bókstaf þess. En hið ofangreinda orð finnst mér þó nái öllu betur anda hugtaksins. Til frekari skýringar mætti og tilgreina orð eins og gjörandi, sannreynd, verkandi, oisök, undirrót.

FLOSI BJÖRNSSON  
Kvískerjum

Samkvæmt því sem dr. Helgi Pjeturss hefur ritað í Framnýal, kaflanum Björgun mannkynsins, um orðin Sei segnet, sem honum munu hafa borizt með líkum hætti og Flosa Björnssyni bárust þessi fjögur útlendu orð, liggur

beint við að ætla að stilliáhrif hafi ráðið því að orðsendingin kom fram í þessari mynd. Orðstír dr. Helga sem vísindamanns meðal ensku- og þýzkumælandi manna mun hafa skapað hin nauðsynlegu skilyrði til þess, að þessi boð gætu borizt hingað til jarðar. — Hinsvegar kynni það að vera nokkur bending um hverju sé áfátt, að þau skyldu ekki geta verið á íslenzku.

P. G.

### LÁTTU SKÍNA

Láttu skína af lífsbraut þinni,  
lyftu huga, sé þér tamit,  
sólskýrt mál og ylhýrt, ævi -  
óður þinn þótt heyrist skammt.  
Nóg er til af sorta samt.

Njóttu frelsis, framans stýrðu  
fleyi djarft um hættusjó.  
Svífa lát um himinhöfin  
hugann þar sem enginn fló.  
Nógu verður þróngsýnt þó.

P. J.

### ÞÚ ERT EKKI STÓR

Ég stjörnumergðina stari á,  
sem stráð er um geimsins undrasjá  
sem ryki um reginmar.  
Þar ósýniskorn er okkar jörð  
þótt ótalsins grúa fóstri hjörð.  
Þú einstaklingsögn ert þar.

P. J.

## SÍÐUSTU FORVÖÐ

„Þar sem hinn bjargandi sannleikur hefir verið fundinn en ekki þeinn, er komið að meiri hættutíma en áður í sögu þess hnattar.“ Þannig segir á einum stað í ritgerðinni *Mikilleiki heimsins*, sem prentuð er í *Framnýal*, og er mér að verða æ ljósari sannleikur þessara orða. Raunveruleikinn er sá, að sérhvað er háð fyllingu ákveðins tíma, fyllingu ákveðins aðdraganda eða jafnvel ástæðis, ástæðis við samsvarandi aðdraganda á annarri lífjörð, og er þá mjög skiljanlegt, að hinn bjargandi sannleikur má ekki stöðvast í fæðingunni. Það er, eins og kunnugt er, meira en hættulegt barni og móður að fæðing takist ekki, þegar allur aðdragandi hennar hefir náð sinni fyllingu, og um uppgötvuna á heimssambandi lífsins er það að segja, að þar er um að ræða ekki minni umskipti fyrir mannkynið en umskipti einstaklingsins frá fóstri til brjóstmylkings og síðan manns. Og nú vil ég biðja hina góðu félaga mína, sem kenna sig við *Nýal*, að gera svo sem unnt er til þess að ekki fari illa. Takið nú höndum saman betur en áður og reynið þannig að eflast af því að magna hver annan. Aukinn samhugur á milli ykkar kynni að geta skapað hér það afslvæði, að hinum góða krafti verði unnt að koma sér svo við sem þyrfti. — Hætta umskiptanna vofir yfir, og sé skyggnt um á jörðinni, þá er auðsætt, að allmikið er nú farið að halla af hádegi hins rétta tíma. Margt, sem nú er að gerast og hefir gerzt, bendir til þess, að mannkynið sé að fara fram hjá því marki, sem til var stefnt. En þó að illa horfi og komið sé að síðustu forvöðum, þá dugar ekki vantrú á sigur, heldur hitt að hver geri það, sem í hans valdi stendur. Þegar tæpt stendur, þá er enginn svo lítill og vanmáttugur, að undir honum geti úrslitin ekki verið komin.

PORSTEINN JÓNSSON

# UM SAMBANDSSÁLFRÆÐI

*Erindi svipað þessu var flutt í Bifröst í janúar 1962.*

Góður náttúrufræðingur, Örnólfur Thorlacius, flutti erindi í útvarpið fyrir skömmu þar sem hann sagði frá því að vísindalegar rannsóknir á sambandssálfræði (parapsykology) væru nú gerðar víða um heim, eða á nærrí 30 stöðum. Í dagblöðum kom fram sá misskilninur eftir þetta erindi að þetta væri eitthvað í sambandi við andatrú, sem er alger fjarstæða. Þær rannsóknir sem Örnólfur sagði frá eru vísindalegar athuganir á fjarskyggni og öðrum áhrifum sem staða frá lífverum án þess að þau áhrif verði útskýrð með þeirri eðlisfræði og líffræði, sem þekkt er nú.

Hér verður sagt nokkuð nánar frá tilraunum sem hafa verið gerðar úti í Ameríku af manni að nafni J. B. Rhine og samstarfsmönnum hans. Hann er prófessor við Duke háskólan í Norður Carólínu í Bandaríkjum og eru niðurstöður tilrauna hans næsta undarlegar. Á vegum þessa prófessors er gefið út vísindatímarit um sambandssálfræði og hann hefur skrifað bók um tilraunir sínar, sem hefir borizt mér í hendur.

Hann hefur fundið upp rannsóknaraðferðir sem eru svo einfaldar að auðvelt er að reikna út áreiðanleika tilraunanna með tilraunastærðfræði út frá lögmáli tilvilkunarinnar, en þessa tilraunastærðfræði viðurkenna allar greinar raunvísinda.

Pessar rannsóknir byggjast á því að láta fólk fjarskynja einhver einföld tákn eða myndir. Hann hefur útbúið sérstök spil til þess arna og lætur fólk ið segja til um hvaða spil

tilraunamaðurinn horfir á, eða segja til um röð þessara spila án þess að nokkur lifandi maður sjái þau né viti röð þeirra. Spilin eru alls 25, og eru á þeim fimm tákna og mynda þau því fimm samstæður. Stundum eru spilin valin þannig að fimm spil eru í hverri samstæðu, og þá eru á móta mörg spil með hverju tákni fyrir sig, en stundum er tilviljunin látin ráða því hversu mörg spil eru í hverri samstæðu. Tánknin á spilunum eru kross, bylgjulínur stjarna, ferningur og hringur. Líka hefur Rhine prófessor reynt að láta menn hafa áhrif á hluti. Það hefur hann prófað með því að láta vél kasta upp teningum og svo á maðurinn að hafa áhrif á það hvaða hliðar koma upp.

Með spilunum hefur Rhine komist að því að menn geta skynjað þau, þó að enginn lifandi maður sjái þau. Það hefur reynzt erfiðara að sanna það að menn geti skynjað gegn um aðra menn, því að það sannaðist að menn geta skynjað hluti, sem enginn sér. Þess vegna er erfitt að sanna með þessum tilraunum hvort maður sér hlut með annars augum eða hvort hann skynjar hlutinn án hjálpar þess sem hlutinn sér. Þó hefur Rhine tekizt að sanna hugsanaflutning þannig að ví sindalegt mátti telja. Þessi fjarhrif virðast óháð vegalengdum. Sami árangur hefur náðst hvort heldur hefur verið þúsundir kílómetra milli mannsins og spilanna eða fáir metrar. Tilraunir af þessu tagi hafa jafnan verið rengdar mjög enda oft borið við, að svikum og prettum hefur verið beitt í sambandi við fjarskyggni. Þess vegna hefur Rhine sett mjög strangar reglur í þessum tilraunum. Sá sem gizkar á röð spilanna má alls ekki sjá þau og allur útbúnaður er hafður þannig að allt annað en fjarskyggni sé ómögulegt. Tilraunir með teningana hafa sannað að menn geta haft áhrif á hvaða hliðar þeirra koma upp, og er það óháð stærð og lögun þeirra innan þeirra marka sem þetta hefur verið reynt.

Nú datt þessum Ameríkumönnum í hug að reyna hvort menn gætu ekki spáð hvernig spilin stokkuðust. Fólkið var

látið skrifa upp hvernig það hélt að spilin mundu raðast eftir að þau væru stokkuð. Þetta reyndist líka vera hægt. Árangurinn af þessu varð heilmikill. Þá datt þeim í hug, að maðurinn sem spáði gæti haft áhrif á það hvernig spilin stokkuðust með óskhyggju, eins og hægt er að hafa áhrif á hvaða hliðar koma upp á teningum sem vél kastar upp. Þess vegna reyndu þeir að raða spilunum upp eftir ákveðnum reglum samkvæmt hitastigi veðurstofunnar víðsvegar að og láta menn sjá fyrir hvernig sú röð yrði. Þannig töldu þeir sig geta látið náttúruna raða spilunum, en á hana hefði maðurinn varla áhrif. En það heppnaðist ámóta vel og áður að spá um röð spilanna.

Hæfileikar manna til fjarskyggni og spádóma reyndust vera mjög misjafnir og erfitt að sjá á mönnum hvort þeir geta slíkt eða ekki. Ekki er það heldur nein sérstök stétt manna sem hefur hæfileika í þessa átt. Þó telur Rhine að fjarskyggni og spádómshæfileiki sé ef til vill algengari meðal greindra manna en heimskra. Enga aðferð hefur hann getað fundið til að þjálfa menn til þess arna, þvert á móti missa menn hæfileikann alltaf við langvinnar tilraunir. Sumir byrja að vísu án þess að geta neitt, en komast svo upp á lag við þetta um stund, en missa svo hæfileikann alltaf aftur. Það má einna helzt skilja á bókinni að þetta muni stafa af því hve leiðinlegar langvinnar tilraunir séu og menn hljóti að missa áhugann og þreytast þegar til lengdar létur og það valdi því að hæfileikinn hversur.

Eðlisfræði og líffræði geta ekki útskýrt þessi fyrirbrigði. Rhine skýrgreinir sambandssálfræðina þannig, að hún sé fyrirbrigði tengd lífverum, en verði ekki útskýrð með eðlisfræði. Ekki heldur hann því þó fram að þessi fyrirbrigði verði aldrei útskýrð með eðlisfræði, og er auðvitað hyggilegt að leggja ekki á það dóm. Heimsparkin leitar skýringa á öllu og mun hér lýst nokkrum skýringamöguleikum, og ber auðvitað að keppa að því að rannsaka þá vísindalega.

Fyrsta skýringarleiðin og líka sú hægasta og beinasta er sú að fela guði allar óleystar spurningar og útskýra allt með mætti hans. Trúaður maður telur að guð viti og geti allt og í hans valdi sé að láta menn vita um ýmsa hluti. Jafnvel um röð spila eins og hún er eða eins og hún verður seinna. En ví sindamenn og heimspekingar starfa aldrei eftir slískum tilgátum, jafnvel þó að þeir séu mjög trúáðir. Sá trúáði getur alltaf haldið að guð láti hlutina gerast af sjálfu sér og leyfi mönnunum þess vegna að rannsaka þá.

Annar skýringarmöguleiki er sá, að maðurinn sé í rauninni betur útbúinn til að skynja en í fljótu bragði virðist. Hver ódeilisögn eða frumeind hefur áhrif á allan heiminn. Þyngdarafli hennar og ef til vill fleiri krastrar hafa mikil áhrif á þær agnir sem eru næstar, þær aftur á aðrar og svo koll af kolli og þannig breiðast áhrifin út um allan heim. Þannig hafa spil auðvitað áhrif á mann þó að hann hvorki sjái þau með augum, heyri þau með eyrum, lykti þau með nefi eða þukli þau. Pessi áhrif gætu valdið nokkurri skynjun, svo að maðurinn fær einhverja hugmynd um hluti sem skynfærin ná ekki til. Pessi skynjun hlyti að vera æði merkileg þar sem menn geta beint huganum að spiluin sem eru nokkur þúsund kílómetra burtu og fengið nokkrá hugmynd um röð þeirra.

Samkvæmt eðlisfræðinni er tíminn ekkert annað en atburðarásin. Þess vegna hlýtur spádómur að byggjast á rökréttu samhengi athurða. Þó að þessi seinni skýringarmöguleiki sé ekkert heimskulegur ef aðeins er vitað um skynjanir á hlutum sem eru, þá er næsta ótrúlegt að venjulegir menn geti skynjað atburðarásina og óvitað séð fyrir hvað muni verða, ég trúi því ekki.

Það er hægt að finna skýringarmöguleika í íslenzkri heimspeki, en sú skýring er samblanda af hinum skýringunum tveimur.

Helgi Péturss hélt því fram í heimspeki sinni að það væri

miklu meira samband milli manna en haldið hefur verið. Svo viðtækt hélt hann að þetta samband væri, að það væri milli himinhnatta, en á milli þeirra er langt, ljósið er tugi, hundruð, þúsundir og milljónir ára á milli þeirra. Þessa vegalengd hélt hann að líforkan bærist á því nær engum tíma. Þetta er að vísu undarlegt, en margt er svo undarlegt, ekki hefðu menn trúað á önnur eins undur og útværpið fyrir einni öld. Þessi undur eru að vísu öllu meiri. Ljósið fer 10 billjón kílómetra á ári. Þessi tala er svo há að fæstir skilja hana þó að þeir taki sér hana í munn. Það er um 280 klukkutíma verk að telja upp í milljón ef eru taldar tvær tölur á sekúndu og það gefur hugmynd um það hve há tala milljón er sem er þó milljón sinnum lægri en billjón.

Margir telja nú að hljóti að vera líf á öðrum stjörnum en jörðinni. Helgi Péturss hélt því fram að væri líf á milljónum stjarna og þar væri alls kyns lífverur, þar væru mannkyn, sums staðar guðum líkt og sums staðar djöflum, og alls staðar væri samband á milli afvitað og óafvitað samkvæmt náttúrulögumálum, og ekkert líf væri án efnis. Þegar mann dreymir sér hann hluti með annarra augum, þegar menn deyja magna þeir sér líkama á öðrum stjörnum og lifa þar áfram.

Allt þetta taldi hann að vísindi gætu rannsakað og allt færi eftir náttúrulögumálunum. Tilraunir Rhines má nú skoða í þessu ljósi. Hver hlutur hefur áhrif á alla aðra hluti, og þessi áhrif eru óháð fjarlagð, ef lífverur eru annars vegar. Nú eru menn hér á jörðu ekki gáfaðri en svo að þeim er vart treystandi til að geta spáð fyrir ókomnum atburðum. En það er ekki þar með sagt að séu ekki til á öðrum stjörnum svo vitur mannkyn að þar geti þeir séð hvert atburðarás stefnir og spáð á þann hátt. Þá útskýrast spáðómar Rhines á þann hátt að vitrir menn á öðrum stjörnum, menn orðnir guðum líkir, geta séð fyrir hvernig spil muni raðast upp hér á jörð. Mennirnir sem taka þátt í tilraununum skynja svo

vitund þessara vitringa og það veldur spádómsgáfunni. Við þessa skýringu hafa greindir menn gert þá athugasemd að lítið væri gaman guðanna ef þeir væru að dunda við að spá í spil okkar jarðarbúa. En við þessu er það að segja að þeir sem sjá og hafa mikið útsýni, sjá ýmislegt sem þeir eru ekki að blína á, hlutirnir líða mönnum fyrir augu, án þess að þeir séu að einbeita sér að þeim og tilvist þeirra verður þeim að vitneskju.

Þessi útskýring er að því leyti eins og sú sem telur vitneskjuna komna frá guði almáttugum, að hér er gert ráð fyrir því að vitneskjan sé komin frá guðum líkum verum. Hún er að því leyti eins og miðútskýringin, að hún geri ráð fyrir því að ekkert annað en efniskraftar valdi því að svona ótrúlegir hlutir eru mögulegir, sem tilraunir Rhines hafa sannad.

PORSTEINN PORSTEINSSON

#### Aflstreymi í sambandi við huga manns.

„Við Duke háskólann ... hefir sálfræðingurinn dr. Rhine lengi verið að rannsaka mjög vandlega, hvort hugsamband manna á milli geti átt sér stað, og komið þar að niðurstöðum sem talið er að ekki verði vefengdar. Dr. Rhine hefir einnig getað fundið örækar sannanir fyrir því, að það sem nefna verður heilageislan, eða eitthvert aflstreymi í sambandi við huga manns, eins og ef til vill væri nákvæmar að orði komið, á sér stað.“

Helgi Pjeturss: Þónýall 1947, kaflinn *Friðleg saga af svonefndum draug.*

# LAUSN GĀTUNNAR UM LÍF OG DAUÐA

Útværpserindi

## I

Það var einhverntíma að sumarlagi, að ég veitti því athygli, að sólin virðist fara lengri leið á 12 stundum dagsins, en á 12 stundum næturinnar. Veitti ég þessu fyrst athygli, þar sem ég stóð við orfið mitt klukkan 8 að morgni, að skugginn minn féll minna til norðvesturs en ég bjóst við. Og þegar ég svo gætti að um kvöldið eða nákvæmlega 12 stundum síðar, þá sá ég að sólin var komin miklu norðar en í þá átt sem skugginn minn hafði fallið um morguninn. Og hér fannst mér nú, að ég hefði rekið mig á nokkuð, sem ekki væri auðvelt að skilja. Í fyrstu hélt ég að vísu, að úrið mitt hefði seinkað sér eða stanzað. En er ég komst að því seinna um kvöldið, að svo var ekki, þá hélt ég að ég hefði ekki athugað þetta rétt um sólfganginn. Athugaði ég því þetta næsta dag og enn aðra daga. En þetta reyndist alltaf á sama veg. Staðreyndin var óumdeilanlega sí, að frá því að sólin var í háaustri á morgnana og þar til hún var í hávestri á kvöldin, leið allmiklu skemMRI tími en 12 stundir. En þó að ég sama sem þreifaði á þessu, þá trúði ég því ekki. Þetta að jörðin hreyfðist hægar á nóttunni en á daginn, sá ég að náði ekki nokkurri átt. En svo var það alllöngu seinna, að allt í einu rann upp fyrir mér ljós varðandi þetta. Og þegar ég skildi, þá var ekki einungis að ég sæ möguleika til, að hin umrædda staðreynd ætti sér stað, heldur sá ég

þá, að það var ekki minna en sjálfsagt. Þetta sem mér hafði reynzt, en ég trúði ekki í fyrstu, sá ég nú, að er nokkuð það, sem hlýtur að vera.

## II

Þetta sem nú var sagt, og ég hef reyndar sagt frá áður, rifjaðist upp fyrir mér, þegar ég var eitt sinn að hlusta á umræður í útvæpi. Áttu umræður þessar að vera um raunveruleik eða óraunveruleik drauga, en urðu reyndar aðallega um það, hvort lifað muni vera áfram eftir dauðann eða ekki. Og sjónarmiðin sem fram komu, virtust vera nær ósættanleg. Annars vegar var viðhorf samskonar og það, sem gerði mér í fyrstu ófært að trúa staðreyndinni, sem ég þó þreifaði á, hið ví sindalega eða eðlisfræðilega viðhorf. Þar er ekkert undansfæri frá því að lífstilvera geti nokkru sinni verið öðruvísi en líkamleg. Líf getur ekki verið án líffæra og lífefna og að víkja frá því hefði verið líkt og ég hefði fallizt á það sem skýringu að jörðin hreyfðist hraðar suma tíma sólarhringsins en aðra. Að víkja af braut hins náttúrufræðilega er að víkja af þeirri braut, sem ein getur gefið von um að nokkru sinni verði komið til raunverulegs skilnings á hlutunum. En svo eru aftur þessi fyrirbæri, sem ekki er unnt að neita að eigi sér stað og í rauninni eru ekki minna en það að vera fullgildar sannanir fyrir framhaldslífi einstaklingsins. Prátt fyrir hina eðlisfræðilegu ómöguleika á því, að maður geti lifað áfram án þess að vera eftir sem áður hold og blóð, og þrátt fyrir það, að menn hafa til þessa ekki getað séð fram á möguleika til þess, að í framlífi geti einstaklingarnir verið slíkir, þá hafa framliðnir menn stundum getað gert vart við sig þannig, að ekki er hægt að komast hjá þeirri ályktun, að þeir lifi þótt þeir hafi dáið.

Þetta er sá veruleiki, sem ekki verður komið hjá að taka til greina, ef leita skal sannleikans í fullri alvöru. Að ætla sér að komast hjá slíku, væri aðeins að reyna að blekkja sig

eða gefast upp. Það væri að sínu leyti ámóta og hitt, að menn sættu sig við óraunverulegar og óeðlisfræðilegar skýringar. Staðreyndirnar verður ævinlega að taka til greina, ef fullum heiðarleik á að vera beitt. Og hér vill líka svo til, að hvorttveggja getur farið saman, náttúrufræðileg hugsun og hitt, að nefndar staðreyndir séu ósvikinn veruleiki. Þessar andstæður, sem þarna virðast eiga sér stað, eru ekki andstæður eða mótsagnir af öðru en því, að hina réttu yfirsýn hesur skort.

Meðan ég skildi ekki það, hvers vegna sólin virðist á sumrin fara daghelming göngu sinnar á skemmti tíma en 12 stundum, trúði ég ekki þeirri staðreynd, þó að ég hins vegar gæti ekki neitað henni. Og af samskonar ástæðu er það, að sumir menn geta ekki trúáð fyrirbærum þeim, sem vissan um framhaldslíf byggist á. Ástæðan til þess er ekki nema takmörkun líffræðilegrar þekkingar og skilnings. Þar svo sem í öðrum efnum, deila menn ekki af öðru en því, að þeir vita ekki nógu vel, og skal nú loks víkja að meginmáli þessa erindis.

### III

Eins og sumum mun vera kunnugt, þá hefur sú skoðun ekki verið alfjarri mönnum, eða var a. m. k. ekki á öldinni sem leið, að eftir dauðann lifi menn á öðrum hnöttum. Pannig lætur Camille Flammarion í bók sinni Úraníu, söguhetju sína, Georg Speró, koma eftir dauða sinn hér fram á jarðstjörnunni Mars og lifa þar áfram líkamlegu lífi. Og hefðu sumir af trúarbragðahöfundum mannkynsins vit-að hvað stjörnurnar eru, þá tel ég mjög líklegt að kenning þeirra hefði orðið eitthvað á þann veg. Pannig er í Eddu talað um staði á himni, þar sem góðir menn búi, og eins og kunnugt er, þá talaði Kristur líka um eitthvað slíkt. Hann talaði um að menn færu til himna eða himnaríkis og að í húsi föður síns þar væru margar vistarverur. En eins og

menn vita nú, þá er þar ekki um annað að ræða en stjörnurnar, sem eru sólir og jarðir. En hvað sem annars mætti gizka á um það, hvað Kristur og aðrir slíkir hefðu sagt um þetta, væru þeir nú uppi eða hefðu verið á öldinni sem leið, og hvað ýmsir hinna vitrustu manna raunverulega hafa um það sagt, þá ætti þó undireins að liggja í augum uppi, að þessi kenning hefur þó eitt framysfir allar aðrar kennningar varðandi staðsetningu framlífs. Og það er, að þar er talað um áreiðanlegan veruleik. Það er ekki um að villast, að stjörnurnar eru til og að þær eru staðir.

Að vísu var það um hríð á þessari öld, að stjarnfræðingar þóttust færa rök að því, að sólhverfi önnur en þetta væru tiltölulega fágæt. Það var um hríð, að fræðimenn þessir þóttust ekki geta séð fram á annað en að slíkt væri hrein undantekning, að reikistjörnur fylgdu sólstjörnum, og varð það auðvitað til þess, að draga úr allri hugsun manna um líf annarsstaðar en hér á jörðu. En nú hefur þessari kenningu algjörlega verið hrundið. Nú er það skoðun stjarnfræðinga, að hverri sól hljóti að fylgja jarðstjörnur, svo að nú blasa við óprotlegir lífsmöguleikar um allan hinn óprotlega heim. Og ef menn vildu nú hugleiða nokkru betur en þeir yfirleitt hafa gert, þá er í rauninni ekki um neitt undanfæri að ræða, að framlíf einstaklinganna hljóti að eiga sér stað á öðrum jarðstjörnum og hvergi nema þar. Staðreyndin liggur einfaldlega fyrir á þann veg, að láttinn maður er ekki framar á þessari jörð. Hann er horfinn að undanteknum líkamsleifum hans, sem sannarlega eru ekki hann sjálfur. En þó að einstaklingurinn sé þannig horfinn, sé hér ekki framar, þá eiga þau sér raunverulega stað þessi fyrirbæri, sem sanna það, að hann sé til eftir sem áður. Og þá ætti hún óhjákvæmilega að vakna þessi spurning, hvernig og hvar.

Það kemur ekki til, fremur en að jörðin hægi á göngu sinni á kvöldin eða á nóttunni, sem alltaf er á einhverri hlið hennar, að einstaklingurinn geti verið til á einhvern óraun-

verulegan og óskiljanlegan hátt. Sé einstaklingurinn til, eftir að lífi hans lýkur hér á jörðu, þá hlýtur það að vera á sama hátt og hann var það fyrir dauða sinn. En eini möguleikinn til þess er, að hann sé orðinn íbúi einhvers annars hnattar.

## IV

Ég vænti þess, að þeir, sem vit vilja hafa við í þessu efni eða skilning, geti fallizt á það, sem nú var sagt. Hver raunsaer maður hlýtur að sjá og skilja, að raunverulegir staðir fyrir raunverulega framlífstilveru, geta ekki verið nema aðrir hnettir. Fyrir utan þessa jörð er ekki vitað af stöðum öðrum en stjörnum himinsins. En þó að ég vænti þess, að hver raunsaer maður sjái þetta með mér, þá geri ég mér naumast von um, að ég hafi tekið frá honum efann um framlífið. Þó að bent sé á stjörnurnar og minnt á, að þar séu hinir einu raunverulegu staðir fyrir utan jörðina, þá er það ekki samskonar lausn á gátunni um líf og dauða og sú hin stjarnfræðilega, sem gerði mér loksns fært að trúua staðreynndinni um sólfganginn. En þetta að horfa til stjarnanna, og leita þannig ekki annars en hins raunverulega, er inngangur að þeirri lausn, og skal nú reyna að halda í áttina.

Eins og ég sagði, þá er það ekki alveg nýtt, að talað sé um líf á öðrum hnöttum, og að menn flytjist til annarra hnatta eftir dauðann. Þannig kom slíkt fram hjá skáldunum Sigurði Breiðfjörð og Grími Thomsen, þó að ákveðnast kæmi það fram hjá náttúrufræðingnum dr. Helga Pjeturss. Eins og mörgum var víst kunnugt þá hélt Helgi Pjeturss þessu fram alveg hiklaust og er líkast því að menn hafi þar ekki tekið eftir öðru en einungis því. En þar var um meira að ræða. Hjá honum kom líka fram það, sem aldrei áður hafði fram komið á þessari jörð, nema þá óljóst og án vísindalegra

raka. Hann hélt því fram, að lífsamband eða lífgeislan ætti sér stað, ekki einungis á milli lifenda þessarar jarðar, heldur einnig á milli stjarnanna og vetrarbrautanna. Og þar er það, sem finna má þá lausn, sem hverjum skynsönum og frjálshuga manni ætti að nægja í þessu efni. Frá sjónarmiði Helga Pjeturss horfir þetta þannig við: Lífið á jörðinni er framkomið fyrir geislan lífmagns frá lífheimum annarra hnatta. Heimurinn er óendanlegur bæði í tíma og rúmi, og þegar þetta sólhverfi var í smíðum, þá voru önnur sólhverfi fullsköpuð og lífi gædd. Og frá þessum lífsstöðvum barst svo lífið hingað til jarðarinnar fyrir geislan. Og hér er það nú, sem undirstaðan liggar til þess að finna lausn lífsgátunnar.

Hinn sánski heimsfræðingur, Svante Arrhenius, létt sér koma í hug, að lífið væri komið hingað til jarðarinnar fyrir flutninga lífsfrjóa frá öðrum hnöttum, og mun hann hafa hugsað sér, að geislan sólnanna hafi hrakið þessi lífsfrjó og borið um geiminn. En hér er um allt annað að ræða. Tilgáta Arrheníusar færir enga lausn á því, hvað lífið í eðli sínu er, og byggist heldur ekki að neinu leyti á vitnesku um það. En það er einmitt sem þessi kenning Helga Pjeturss gerir, og er það þegar ein mikil sönnun þess, að þar sé um meira en eina saman tilgátu að ræða. Geislan eins hlutar til annars er falin í viðleitni hlutarins til að framleiða sitt ástand fyrir utan sig, framleiða það í öðrum hlutum. — Pegar sólin skín, þá verður það með þeim árangri, að efni það sem hún skín á lagast að örlistlu leyti eftir því eða samkvæmt því ástandi sem í sólinni ríkir. Efnið hitnar og kemst á hreyfingu. Stormar og straumar á yfirborði jarðarinnar eru örlistlar eftirlíkingar þess, sem á sér stað í sólinni. Og að sínu leyti er eins um geislun þá sem stafar frá hinum lifandi efnum stjarnanna. Hún leitast við að skipa niður og byggja upp, svo að líf verði hvarvetna þar, sem möguleikar eru til, og má af þessu skilja, hvað lífið í rauninni er. Lífið

er ákveðin samstilling þeirra efniseinda, sem það hefur náð tókum á. Munur hins líflausa efnis og hins líflausa er allur falinn í því, að hinu lifandi efni er raðað niður eða stillt til víðtækari sambanda en hinu líflausa. Stafróf tilverunnar eru hinar 90—100 gerðir frumeinda. En tilveran sjálf eða hinar ýmsu myndir hennar, verða fyrir hina ýmiskonar niðurröðun þessa stafrófs. Og nú blasir það við, hvernig það má verða, að maður sem hér varð liðið lík, kemur fram á annarri jörð og þá auðvitað jafnlíkamlegur og áður eða betur. Það sem þar gerist, er hliðstætt staðreynd útvärpsins og í eðli sínu samskonar og stundum hefur gerzt hér á jörðu í sambandi við miðla. Það hefur stundum komið fyrir á miðilfundum, að fullvaxinn einstaklingur hafi skapazt þar á skömmum tíma, sem ekki verður betur séð en að verið hafi með hári, holdi og blóði, rétt eins og venjulegt fólk. Og þannig má nú hugsa sér að framkoma hins deyjandi manns verði á öðrum hnetti. Þar sem skilyrði væru til, slík sem bezt verða hér á miðilfundum, og þó reyndar miklu betri, blasa við góðir möguleikar til þess að geislunin frá hinum deyjandi manni framleiði eða byggi hann upp aftur, og þá endurnýjaðan. Og hér er nú ekki framar þörf að tala um efnið og andann á þann hátt, sem gert hefur jafnan verið, tala um efnið og andann sem nokkuð sitt hvað eða jafnvel sem andstæðu hvors annars. Andi mannsins eða sál er ekkert annað en geislánin, sem stafar frá einum líkama til annars, ekkert annað en krafturinn, sem geislar sér jafnvel um þær órafjarlægðir, sem ljósið ekki kemst. Andi einstaklingsins eða sál er hið ákveðna móti hans, sem hann hefur hlotið frá ætt sinni og sögu, það kraftform sem honum ber æ að fullkomna og fegra með lífi sínu hér og svo á ævileið sinni á einni jörð eftir aðra. Og andi guðs er alsamband allra lifenda. Hann er sá kraftur sem æ leitast við að hefja heiminn á hærra stig, sá kraftur sem flýgur vegalengdir þúsunda ljósára á skemmri tíma en augabragði.

## V

*Lausn gátunnar um líf og dauða* nefni ég þetta erindi, og þykir mér ekki ólíklegt, að sumum þyki það nokkuð yfir-laetislegt heiti. Menn munu að vísu yfirleitt vera komnir á þá skoðun, að þekkingu og skilningi megi víða koma við. En um þetta sem hér ræðir, munu margir ætla, að gegni öðru máli. Mér sýnist satt að segja ekki betur en að það sé trú mjög margra og ef til vill flestra, að um eðli lífs og dauða muni aldrei verða vitað eða megi jafnvel ekki vitnast. En hversvegna skyldu menn ekki mega og hversvegna skyldu menn ekki geta komiðt einnig þar að hinu sanna? Halda menn raunverulega, að guðirnir, þessar verur, sem skapað hafa mennina eftir sér eða í sinni mynd, vilji forða þeim frá að verða líkir sér? Ekkert er sem guðirnir þrá eins mikið mönnum til handa og einmitt það, að þeir líkist sér í því að komast æ nær sannleikanum. Og það þarf ekki að efa, að leið er til þess að þekkja allt og skilja allt. Sannleikurinn er ekkert leyndarmál af öðru en því, að mennirnir hafa ekki líkzt guðunum nóg, ekki komiðt nema skammt að góðleik og viti á við þessar lengra komnu fyrirmyn dir sínar á öðrum hnöttum, sem guðirnir eru. Trúin á ómöguleikann er það, sem menn ættu umfram allt að varast, og skal nú aftur víkja að því, sem átti að vera aðalumræðuefnið.

Sé með sanngirni litið á og ekki með ákveðnum vilja til að skilja ekki, þá verður því ekki neitað, að ég hef þegar drepið á alveg fullgilda eðlisfræðilega möguleika til þess, að láttinn maður lifi áfram eftir dauða sinn hér. Eigi lífsamband eða lífgeislán sér raunverulega stað á milli stjarnanna, og geri menn sér ljóst hvað sú geislán er í raun og veru, þá er eðlisfræðilega vel hugsanlegt, að hinn látni maður endur-byggist á einhverri annarri jörð, og er það satt að segja ekki ótrúlegra eða furðulegra en hið alkunna, að nýir einstaklingar skuli verða til. Og það má meira að segja gera sér

ljóst, að þetta ekki einungis geti átt sér stað, að láttinn maður lifi þannig áfram, heldur jafnvel, að svo hljóti að vera.

Eins og ég hef tekið fram, þá hafa fengizt óhrekjandi sannanir um það, að láttinn maður lifi. Eða með öðrum orðum, sumir hafa sama sem þreifað á þeim staðreyndum, sem með engu skynsamlegu móti verða taldar minna en að vera sannanir um framlíf. En láti maður sér skiljast, að um heimssál eða alverund sé að ræða, en það sýnist mér vera óhjákvæmilegt, þá blasir við þörfin til þess, að hver einstaklingur vari. Sé hinn lifandi einstaklingur sem eind eða fruma í veru alheimsins, sé hann þar tilsvarandi einhverri af þeim frumum, sem byggja líkama minn, þá verður nauðsynin fyrir varanleik hans alveg auðsæ. Rétt eins og vitund míni hlýtur að varðveita alla sína þætti eða minningar, ef hún á ekki að gegjast, þannig er ástaða til að ætla, að fullkomin heimsnauðsyn sé til þess, að einstaklingsvitundin vari og bæti æ við sig í „heila hnattageimsins“. En til þess að ganga úr skugga um, að hér sé ekki einungis um að ræða heimspeki eða trú, þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir raunveruleik lífsambandsins eða lífgeislunarinnar. Og að raun um það getur hver einasti maður komið, ef hann beitir nægri athugun og greind við þær staðreyndir, sem draumar hans eru. Ef nógu vel er athugað, og nógu vel er hugleitt, þá verður sú ályktun óhjákvæmileg, að í svefni og draumi sé ævinlega um að ræða samband við íbúa annarra hnatta. En á hitt ber þó ef til vill fyrst að benda, að eigi hugsanaflutningur sér stað á milli vakandi manna eða fjarhrif, en slíkt mun nú vera viðurkennt, þá er undireins fengin sönnun um lífgeislun. Og eigi þessi sambönd sér stað, ekki einungis milli lifandi manna og dáinna, eins og vikið hefur verið að, eða þá einhverra annarra, sem betur eru vitandi en jarðarbúar, þá ber það að hinu sama og hitt, sem óhjákvæmilega verður að álykta af sumum draumum. Sambandið hlýtur að vera við íbúa annarra hnatta. Heimsamband

lífssins hlýtur að eiga sér stað. Og nú ætla ég að síðustu að víkja að þeirri þýðingu og þeim ávinningi, sem það mætti verða fyrir menn, að þeir öðluðust þekkingu á þessum esnum, sem sumir menn eru jafnvel dálítið hreyknir af að hafa ekki kynnt sér. En árangurinn mundi í fáum orðum verða samskonar og íslenzkum gróðri er ávinningur að hækkan sólar. Af því, að menn lærðu að fullkomna samband sitt við uppsprettu sína, fullkomna samband sitt við þá, sem lengra eru komnir að viti og góðleik, væri fremur en með nokkru öðru unnið að sigri vorsins.

Eins og hver maður ætti að geta séð, þá stefnir ekki allt sem bezt hér á jörðu. Hin aegilegustu vopn eru nú reidd til höggs, vopn, sem eru voði, ekki einungis þeim sem þau eru reidd gegn, heldur einnig þeim sem reiðir. Og gagnvart þessu og mörgu fleiru eru menn að mestu eða alveg úrræðalausir. En hvað mundi hinsvegar ekki geta tekizt, ef menn lærðu að færa sér í nyt hina guðlegu vizku og himn guðlega kraft, sem þrátt fyrir allt hefur stundum sézt bjarma af hér á jörðu. Það ætti vissulega að liggja í augum uppi, að af slíku mætti vænta meira en af boðun trúarbragðanna. Í trúarbrögðunum hefur koma guðsríkis að vísu margsinnis verið boðuð, og skyldi enginn ætla, að sú boðun hafi verið á engu byggð né heldur til einskis. En til þess að sá árangur gæti fengizt, sem þarf og til er ætlazt, nægja ekki trúarbrögðin ein. Til þess að skapa sér hér guðsríki, nægir ekki minna en raunveruleg þekking og skilningur á því, hvað guðsríki er. Einungis af því að þekkja og skilja hin ýmsu lögmál tilverunnar, læra menn að færa sér þau í nyt. Og yfirsýnin ein er það og viðsýnið, sem fært gæti mönnum sættir og frið.

Petta sem menn hafa vitað til þessa, og það, sem menn hafa trúáð, hefur að miklu leyti virzt vera andstæður, að miklu leyti virzt vera ósættanlegar mótsagnir. Margt hið merkilegasta, sem í trúarbrögðum hefur verið boðað, hefur

frá sjónarmiði raunhyggjumanna verið talið bull og vitleysa, og hefur einnig að sínu leyti og ekki síður, mátt segja hið sama um sjónarmið trúmannanna gagnvart raunhyggj уни. En hér er það sem verið er að greiða úr þessum mótsögnum. Skilningurinn er hér fenginn, sem sýnir að fallast má á flest eða öll aðalatriði trúarbragðanna, án þess að vikið sé af braut hinna eðlisfræðilegu vísinda. Og hér má nú að nokkru gera sér ljóst, hversvegna menn hafa verið svo tregir til að þiggja hinum sætandi kenningar Nýals. Þegar menn deila, eins og svo mikið er gert að hér á jörðu, þá verður þeim það jafnan á að taka sízt eftir því, sem helzt mætti verða til sáttu. Það kveður jafnvel svo rammt að, þar sem fjandskaparstefnan er mest ríkjandi, að engir menn eru eins lítilsvirtir og þeir, sem beztum árangri náðu í því að átta sig og sjá fram úr deilumálunum.

En þó ætti það að liggja í augum uppi, að sannleikans muni síður vera að vænta meðal deilendanna en hinna sem standa utan við deilurnar. Og nú vil ég biðja menn að gera sér það ljóst, hvað ég hef verið að boða. Ég hef verið að reyna að bera fram sættir á milli manna, sem halda fram ákveðnum staðreyndum, og svó annarra, sem ekki hafa getað trúað þeim staðreyndum. Og hvernig hef ég reynt að bera fram þær sættir? Á engan annan hátt en þann að benda á lausnina. Það er einungis lausnin, sannleiksniðurstaðan, sem leitt getur til hinna raunverulegu og varanlegu sáttu.

PORSTEINN JÓNSSON  
á Úlfss töðum.

### Vit í tilverunni?

Vottur af viti, sáðkorn vizkunni, stráist raunar stjörnu af stjörnu.

Nietzsche.

## ENDURHOLDGUN OG LÍFFRÆÐI

Með orðinu endurholdgun er oftast átt við það, að vaxið sé upp af fóstri oftar en einu sinni. En ekki bendir sá skilningur til þess að menn hafi áttað sig á undirstöðuatriðum líffræðimnar. Skal því nú lýst í stórum dráttum, hvað í raun og veru gerist er nýr einstaklingur verður til og gengur sitt fósturskeið. Fróðlegasta dæmið um þetta er maðurinn sjálfur.

Fyrsti vísur til manns eru tvær frumur, önnur frá karli en hin frá konu. Þær nefnast kynfrumur og er báðum það sam-eiginlegt, auk annars, að hafa frymi og kjarna. Í kjarna frumunnar eru hinir svokölluðu litningar, sem eru ekki ósvipaðir stuttum litþráðum, þegar litarefni hefur verið borið í frumuna, enda oft kallaðir litþræðir öðru nafni. Þessir litþræðir eru myndaðir af samfelldri keðju erfðastofna eða gena, sem liggja þar saman líkt og perlur á festi. En í þeim felast eiginleikar þeir, sem erfast til afkomendanna, jafnt líkamlegir sem andlegir.

Svo mikil er fjölbreytni kynfrumanna, að engar tvær eru eins frá sama foreldri, en þrátt fyrir það bera þær allar keim af foreldrinu eða ættinni, þ. e. a. s. afkvæmin líkjast foreldrunum eða einhverjum úr ættinni.

Þegar tvær slískar frumur frá karli og konu sameinast, myndast úr þeim nýr einstaklingur, sem í fyrstu er aðeins ein fruma, en hún tekur brátt að skipta sér og mynda fóstur. Að níu mánuðum liðnum hefur það gengið sitt þróunar-skeið og fæðist í þennan heim fullburða barn. En hversu vel það er úr garði gert, líkamlega og andlega, veltur fyrst og

fremst á því, hvaða frumur hafa lent saman, en því ræður tilviljun ein, og svo auðvitað á ættunum sem að því standa.

Pegar ég er að skrifa þessa grein, liggar fyrir framan mig kennslubók í líffræði, og blasir þar við mér stórfróðleg saga. Eru þar myndir af fósturskeiði ýmissa dýra og manns til samanburðar. Í byrjun er lítill munur á fóstri manns og fisks. Pegar lengra líður á meðgöngutímann verða þau ólík, en aftur á móti er þá enn mikill svipur með fóstri nauts og manns, en þegar bilið er farið að lengjast þar á milli, er enn skammt milli kanínufósturs og manns. Ef apafóstur hefði verið með á myndinni, hefði það líkzt mannsfóstrinu lengst, vegna þess að þeir eru okkur skyldastir.

Hvaða ályktun má draga af þessum staðreyndum?

Þá, að á fósturskeiðinu er rakinn þróunarferill mannkynsins allt frá upphafi. Fóstur manns og fisks líkist í byrjun, vegna þess að þá hefur þróunarferillinn aðeins verið rakinn til fisks, en þegar komið er lengra fara þau að verða ólík. Á þessum níu mánuðum hefur fóstrið þannig gengið allan þróunarferil forfeðra mannkynsins, en að vísu hefur þar verið farið allhratt yfir sögu. Það sem hér hefur verið sagt, er undirstöðusannleikur, og skal það tekið fram, að hann er eitt af því bezta sem ég hef þegið, en eins og auðsætt er verður hann ekki þeginn nema á grunni líffræðilegrar þekkingar. Ef lesandinn hefur skilið það sem hér hefur verið drepið á, ætti hann að geta gert sér ljóst, að upp af fóstri er ekki hægt að vaxa nema einu sinni, vegna þess að þær frumur sem mynduðu fyrsta fóstrið eru löngu dauðar og engar til aðrar nákvæmlega eins, ekki einu sinni þótt þeirra væri leitað meðal skyldmenna, hvað þá fjarskyldra. Með öðrum orðum: Sá sem yxi upp af fóstri í annað sinn, gæti aldrei orðið hinn sami aftur. En þá væri tilgangurinn óskiljanlegur með þessu lífi, ef við ættum ekki einungis að glata æviminningum okkar, heldur einnig arfbundnum eig-inleikum.

Samkvæmt líffræðilegum skilningi hlýtur lífið hér því að vera byrjun, sem hefst með fósturskeiðinu. Er sá skilningur gleðilegur og hvetjandi, því samkvæmt honum erum við þó orðin það sem við erum, á skömmum tíma miðað við heila eilifð eða ótal hringferðir.

Nú mun einhver hugsa sem svo: Hversvegna fæðumst við svona ólík að útliti og hæfileikum? Bendir það ekki einmitt til þess að við höfum lifað áður og þroskazt misjafnlega? Ef þú hugsar þannig, hefur þú ekki veitt því næga athygli, sem á undan er komið, því að þar finnurðu svar, sem betur samrýmist heilbrigðri dómgreind. — Þegar hér er komið, veit ég að margir lesendur munu hugsa þessu líkt: En ef lífið hér er byrjun og engin endurholdgun á sér stað, getur ekki verið um neitt framhaldslíf að ræða. Svarið við þessu er það, að við eignum öll framhaldslíf fyrir höndum, en til þess að lifa framhaldslífi þurfum við ekki að vaxa upp af fóstri í annað sinn.

#### Lausnir er önnur.

Eftir dauðann flyzt sálin eða það kraftform sem líf og efni hafa fallið í hér í jarðlifi til annars hnattar og myndar þar líkama úr þeim efnum sem þar eru fyrir og byggist hann þar ekki aðeins samkvæmt arfbundnum eiginleikum, heldur einnig því, sem við höfum þroskað með okkur á jörðu hér. Og ef þessu er þannig varið, eins og rannsóknir á þessu efni benda til, getum við glaðzt yfir því að mega halda ferðinni áfram, en þurfa ekki að snúa til baka. En áframhald ferðarinnar veltur að vísu mjög á því, hversu vel og viturlega við höfum lifað hér.

Sterkustu rök endurholdgunarkenningarinnar eru þau, að til eru sannar frásagnir af fólki, sem hefur munað atvik sem gerðust löngu fyrir daga þess og engir aðrir gátu haft hugmynd um. En til eru önnur rök sem skýra þetta ólikt betur. Fólkis, sem sagt er frá, minnist ekki sinnar eigin fortilveru, heldur hefur fengið þátt í minningum einhvers

framliðins frá ævi hans hér, en gerir sér ekki grein fyrir því og telur þær sínar eigin.

Eins og kunnugt er, þá er það vísindalega sannað, að hugsanaflutningur á sér stað, og getur hann farið fram ekki aðeins milli lifandi manna, heldur einnig milli lifandi og dauðra. En sá sem fær tilsenda hugsun eða minningu, á erfitt með að átta sig á því, hvort hún er runnin frá honum sjálfum eða öðrum.

SVEINN P. VÍKINGUR

### ORSAKIR SKAPA

Hæddu engan hug né smáðu.  
Hvergi er nokkuð einskisvert.  
Orsök lagði leið til atviks,  
líka til þess hver þú ert.

Atvik verður orsök seinna  
annað ber í skauti sér.  
Hver þín hugsun orð og athöfn  
afleiðingu færir þér.

P. J.

Á sviði vanþekkingarinnar eru allar fjarstæður hugsanlegar.

P. J.

## HNÖTTUR PÝPAGÓRASAR

Í bókinni Tunglsgeislum eftir Þorstein Jónsson (bls. 113) er því haldið fram um fornmanninn Pýpagóras, að ljóst megi vera „að margt sem sá mikli vitringur hefur réttilega haldið fram, hefur hann ekki getað vitað af eigin rammleik né þegið af neinum samtíðarmanna sinna hér, og hefur það þá hlutið að berast honum frá einhverjum vitgjafa eða vitgjöfum, sem ekki var lengur íbúi þessarar jarðar“.

Eins og ýmsum er kunnugt, þá hefur viða örlað á þeim skilningi, að miklum vísindamönnum og vitringum hafi hlotnæzt þekking, sem þeir gátu ekki aflað sér af sjálfsdáðum. Þannig gerir Brúnó greinarmun á því, hvort eitthvað sé mælt í vísindalegum (heimspekkilegum) eða spámannlegum anda, og einnig nú á dögum munu ýmsir kunnir menn hafa látið sér eitthvað líkt um munn fara, og nota þá gjarna orðið innblástur (inspiration). En ekki hafa menn kunnað að skýra þetta á þann hátt sem þarna er gert og rekja það til sambands við lengra komna íbúa annarra stjarna. En þesskonar sambandi verður að ætla, að Pýpagóras hafi orðið að-njótandi í ríkum mæli, og skal nú færa þau rök að því að vitað er að hann hélt sig vera endurborinn. En sú trú er, eins og skýrt er í Ennýal (bls. 247—251 II. útg.) sprottin af því, að menn fá fyrir samband þátt í endurminningum annars manns, íbúa annars hnattar og oft framliðins héðan af jörð. En Pýpagóras hafði einmitt þá trú að hann hefði lifað áður, og mun samband hans við hinn lengra komna hafa verið svo náið, að hann hefur ekki getað greint, jafnmikill athugandi og hann þó var, hvað var hans eigið og hvað sam-

bandsverunnar. Slíkt var í rauninni ógerningur, þangað til það hafði verið uppgötvað löngu síðar, hér norður á Íslandi, hvað draumar í eðli sínu eru og að samband á sér stað og samstilling við aðra menn, (lífstarfsíleiðsla). Mönnum verður ljóst, af eigin athugun, að draumvitundin er ekki þeirra eigin vitund, heldur annars manns, draumgjafans, og að þeir verða í draumi vitni að atburðum sem gerast á öðrum hnöttum.

Heimsfræði Pýþagórasar og lærisveina hans og hugmyndir þeirra um fyrirkomulag sólhverfisins, var í rauninni fyrsta stóra skrefið í átt til vísindalegs heimsskilnings, sem stigið hefur verið á þessari jörð, svo víst sé. Kemur þar fram í fyrsta sinn að jörðin er hnöttur og að sól, tungl, jörð og reikistjörnur hverfast hver um aðra í einum dansi. En inn í þessa merkilegu hugmynd kemur hjá þeim Pýþagóras, undarlegt misrämi eða tvískinnungur, sem er í því fólgιð, að hann telur two hnetti til viðbótar: hina jörðina og miðeldinn. Menn hafa ekki getað gert sér ljóst, hvað við var átt með hinni jörðinni og miðeldinum. En Helgi Pjeturss getur þess að Pýþagóras hafi haldið að til væri önnur jörð en þessi, og út frá þekkingunni á lífsambandinu er auðskilið, hvernig þetta er til komið. Vitneskjan um hina jörðina er komin frá vitgjafa Pýþagórasar, sem þar hefur átt heima, og miðeldurinn er sólin í því sólhverfi, enda er þess einmitt getið, að hin jörðin gangi umhverfis miðeldinn. En út frá þeirri samskynjan, sem þeir Pýþagóras höfðu þarna við íbúa annars hnattar, ímynduðu þeir sér, að einnig þessi jörð gengi umhverfis miðeldinn og aðrir hnettir sólhverfisins. Væri það með öllu óskiljanlegt hversvegna slíkir vitringar hefðu farið að telja sér trú um að jörðin gengi umhverfis einhvern hnött sem hvergi sér stað, ef þeir hefðu sjálfir búið sér hugmyndina eftir því einu sem þeir sáu vökuaugum. En með því að greina sundur eins og hér er gert, það sem þeim var komið fyrir samband við vitgjafa í öðru sólhverfi og svo

hitt, sem þeir höfðu sjálfir fyrir augum, fæst í fyrsta sinn samræmi í þessar 2500 ára gömlu hugmyndir. Og er þessi samblöndun sólhverfanna hjá þeim ákaflega sambærileg við þá samblöndun eigin minninga við annarlegar, sem leiddi hjá þeim til endurburðartrúar eða trúar á „fyrra líf“. En þegar leiðrétttingin er fundin, verður allt viðfangsefnið stórum fróðlegra en nokkru sinni áður.

Þegar litið er til sögu Íslendinga, sést, að þeir hafa í fornöld sótt fram til heimsþekkingar á líkan hátt og Grikkir fyrr. Undir lok tíundu aldar, áður en hið mikla slys sögu vorrar varð, var að daga hér fyrir náttúrufræðilegum skilningi, sem ætlað var að leysa hinn goðsögulega af hólmi, og hefur Sigurður Nordal réttilega bent á þetta í sambandi við Völuspá. Ennþá greinilegra er þetta í Alvíssmálum, þar sem skýin eru kölluð *vindflot* (fljóta í vind) í stað þess að hugsa um þau sem heila Ymis. Og eins og ég hef bent á áður (Íslenzk stefna 1951), kemur fram í Alvíssmálum stjarnfræðilegur fróðleikur úr hinum ýmsu heimum, sem ómögulegt er að skýra öðruvísi en sem tilkominn fyrir samband við athugendur í öðrum sólhverfum.

ÞORSTEINN GUÐJÓNSSON

Ég leita að sjálfum mér í öðrum en ódaudleiki minn er að finna mér hvergi stað nema í sjálfum mér.

P. J.

Viljur þú boða mönnum vorið og vinna að komu þess, þá farðu að dæmi sólarinnar: Hún aðeins skín.

P. J.

## UM SUMARAUKA

Útvarpserindi Magnúsar Más Lárussonar prófessors 28. des um Þorstein surt og tímatalsendurbót hans, hlustaði ég á með óskiptri athygli. Einkanlega þótti mér það ánægjulegt, hve afdráttarlaust prófessorinn tók það fram, að verk þessa Forn-Íslendings hefði verið mikilsvert vísindaafrek.

Eitt er það þó í erindinu sem ég verð að gera athugasemd við: Ég tel vafalaust að orð Ara fróða um endurbót Þorsteins surts: „hið sjöunda hvert sumar skyldi auka viku“ beri að skilja eftir algildri íslenzkri málvenju, en ekki sem sjötta hvert ár. Kemur það heim við það sem síðar segir hjá Ara, að „þá er eykst að voru tali hið sjöunda hvert ár viku, en engu að hinu, þá verða sjö ár jafnlöng að hvorutveggja“. Sjö ár án hlaupársdags eru jafnlöng sjö íslenzkum árum með sumarauka. Eða öðrum orðum þá voru Surtsárin að meðaltali 365 dagar. En síðan segir Ari: „En ef hlaupár verða tvö á milli þeirra er auka skal, þá þarf auka hið sjötta“. Þetta hlýtur að eiga við einhverja umbót sem gerð hefur verið á Surtstalinu þegar í ljós kom að einnig það var ekki nægjanlega nákvæmt, eins og raunar virðist hafa verið komið í ljós þegar árið 999, þegar þingsetningin var færð fram í elleftu viku sumars. Mér virðist eðlilegast að skilja orðin þannig, að skotið hafi verið inn viðbótar-aukaviku sem komið hefði á sjötta árið og þá orðið tvö sumaraukaár í röð. Þetta hefði þurft að verða á 28 ára fresti og gæti það komið heim við orðalag Ara fróða, þótt ekki væri það þá fullkomlega nákvæmt orðað. En bendir ekki orðalagið „þá þarf auka hið sjötta“ til þess að þetta hafi ekki verið orðin fastskorðuð regla né fullhugsuð?

Ef þetta væri rétt, þá mætti greina fjögur stig í þróun hins sér-íslenzka tímatala: norska talið (fram um 950), Surtstalið (eitthvað fram yfir 1000), „Aratal“ (fram á 12. öld) og loks það tímatal sem að fullu var samrýmt rómverska tímatalinu og síðar hefur haldizt. En þá endurbót þykir mér enginn líklegri til að hafa gert en Stjörnu-Oddi Helgason, sem var „rímkænn, svo að eigi var hans maki á öllu Íslandi“.

PORSTEINN GUÐJÓNSSON

### GLEIPNIR

Ósigrandi öfl má buga  
ómotstaða í þagnardjúpi.  
Arnarvængir ekki duga  
utar jarðar gufuhjúpi.  
Allur þar sem andblær þrotnar  
ekki er framar skipaleiði.  
Hljómur sá er hvergi brotnar  
hverfur sér í tóm og eyði.

P. J.

Vísindamaðurinn ályktar af staðreyndunum, en trúmaðurinn ályktar staðreyndirnar.

P. J.

## VIÐLEITNI AÐ HANDAN

Merkilegt má það teljast, að nokkru áður en Berlínardeilan hófst, en hún hefur vakið óta margra um að draga kunni til hinna ógurlegustu atburða, kom á miðilfundin, sem haldinn var hér í Reykjavík, sá boðskapur að tortímingarstyrjöld væri yfirvofandi hér á jörðu. Íbúar annara stjórnu í öðru sólhverfi sögðust þeir vera, sem þennan boðskap fluttu fyrir miðilsmunn, og jafnframt honum sögðu þeir frá því, að íbúar þessa sólhverfis og ýmsra annarra leitust mjög við að koma í veg fyrir styrjöld þessa hina ægilegu. Töluðu þeir um kraft, sem þeir beindu til valdamanna þeirra hér á jörðu, sem hafa það í hendi sér, hvort friður helzt eða ekki. Og það var ekki einungis, að sagt væri þarna frá þessari viðleitni að handan til að afstýra hinum voðalegustu tíðindum, heldur virðist sjálf sú viðleitni hafa komið þar fram. Hafa með miðli þeim, sem hér ræðir um, og ekki fékkst nafngreindur, verið haldnir fundir í vor og sumar, og hafa menn þar lítt eða ekki fengið svör við spurningum sínum um sólhverfi það, sem sambandið er við. Í stað þess virðast stjórnendur sambandsins, en sem komið er, eingöngu stefna að hinu að vinnu gegn hinum yfirvofandi voða með fjarhrifum á menn hér. Miðillinn situr eða liggur mestallan fundartímann í fastasvefni og án þess að mæla orð af vörum, og eru sitjararnir samkvæmt beiðni sambandsverunnar hreyfingarlausir í sætum sínum á meðan og látin ríkja algjör þögn. Fundarmanni þeim, sem ég hef þessa frásögn eftir, var þó heitið því, að honum yrði þó gefin skýring á þessu síðar.

Enga ástæðu sé ég til þess að efast um, að um raunverulegt samband og björgunartilraun sé þarna að ræða. Hitt geti aftur á móti sýnzt vafasamt, að þessi merkilega viðleitni geti borið tilætlaðan árangur. Án þess, að nægjanlega margir jarðarbúar viti af henni og komi þar til móts, virðist hætt við, að þessar góðu verur vinni aðeins fyrir gíg. Þó mun hitt sigurvænlegra að vera þar ekki alveg vonlaus um árangur, og kynni það þá að vera ekki alveg til ónýtis, að sem flestir Nýalssinnar hugsuðu þannig um þessa viðleitni. Og það er líka ástæða til að bera traust til þeirra, sem viðleitnin stafar frá. Sögumaður minn er að vísu ekki spíritisti og hefur því ekki haft þarna nein spíritisk stilliáhrif. En hann kvaðst þó vera vantrúaður á sambond við verur í öðrum sólhverfum, fjarlægðarinnar vegna. Hinir, sem á fundunum voru, munu aftur á móti vera spíritistar og því fjarri því að hallast að kenningu Nýals. En þrátt fyrir þetta komst þó hinn nýalski skilningur í gegn. Þrátt fyrir vanskilning hinna viðstöddu á sambandið við stjörnurnar og þrátt fyrir það, að enginn var þarna að leita slíks sambands, a. m. k. ekki í fyrstu, komst það þarna í gegn, að um stjörnusamband væri þar að ræða, og hlýtur það því að hafa stafað af óvanalegri getu sambandsverunnar.

(1961)

S. H.

## D R A U M U R

*par sem litaskynjunin breyttist.*

Mér þótti ég vera á gangi í brattri fjallshlíð. Kom ég að gili, og og rann þar á í fossaföllum, en víða stóðu steinar upp úr vatninu, stórir og smáir. Komst ég þarna yfir, og síðan gekk ég upp á hnjúk einn allháan. Var þar enginn gróður, en fremur smágert grjót, rauðleitt, líkt og er víða í íslenzkum skriðum. Af þessum hnjúki sá ég þvert yfir dalinn, sem ekki var mjög breiður. Dalbotninn var sléttur og vaxinn brúnleitum gróðri, en neðantil í fjallshlíðinni á móti var skógur, sem virtist liggja meðfram dalnum endilöngum. Náði hann niður undir jafnsléttu, en teygði sig mishátt upp eftir hlíðinni. Aðallitur skógarins var mjög dökk- og rauðbrúnn, en á milli bar þó nokkuð á grænum og gulum litum. Ofan við skógin var svo aftur gróðurlítið, og bar mest á brúnum eða rauðleitum litum, sem voru þó mun daufari en litir skógarins, sem voru mjög sterkir. Yfirleitt voru allir aðallitir landslagsins með rauðbrúnum blæ, en skiptu þó vel litum, þannig að til dæmis skógarinn skar sig mjög vel úr öðru í landslaginu. Var ég í draumnum heill-aður af dýpt og fegurð þessara lita.

Er ég hafði virt útsýnið fyrir mér um stund, hugðist ég snúa til baka. Snéri ég mér við og fór að ganga niður hnjúkinn hins vegar. En er ég hafði farið smáspotta, fann ég hjá mér löngun til að líta einu sinni enn yfir þetta fagra landslag. Snéri ég því við og gekk aftur upp á hnjúkinn. Blasti þá enn við augum allt hið sama í landslaginu. En nú var sú breyting á orðin, að allir hinir fögru litir voru horfnir,

en í staðinn sást mynd landslagsins aðeins með hvítum og svörtum lit, misjafnlega sterkum. Dekkstur var skógarinn, dalbotninn ljósari, en hlíðin upp af skóginum ljósust og svaraði þannig til dýptar litanna í fyrri hluta draumsins. Sáust þó enn greinilega mörkin milli hinna ýmsu hluta landslagsins. Í draumnum var ekki laust við, að mér fyndist þessi breyting allundarleg. Ekki hafði ég lengi horft á landslagið með þessum nýju litum, er mynd þess dofnæði og hvarf. Síðan vaknaði ég.

Það sem mér finnst athyglisvert við þennan draum, er það, að ég skyldi sjá landslagið með tvennum hætti, fyrst með litum, en síðan litlaust. Mun mega skýra þetta þannig, að fyrst hafi sambandið við draumgjafa minn verið mjög fullkomandi, að því er sjónskynjun snerti, en síðan er ég sá landslagið án lita, hafi sambandið verið farið mjög að dofn. Enda var þá stutt eftir draumsins og vaknaði ég fram af þessu.

INGVAR AGNARSSON

# DRAUMUR

14. marz 1960.

Mig dreymdi að ég væri að aka bíl inn með firði nokkrum, og er ég kom inn fyrir fjörðinn, ók ég honum út af veginum, út á græna flót og fór þar út. Þótti mér þetta vera í Noregi. Fór ég nú að virða fyrir mér landslagið. Ekki langt í burtu var fjall eitt allhátt og ekki áfast öðrum fjöllum, en sitt hvoru megin bak við það voru önnur fjöll, sem einnig voru há. Litir fjallsins, sem næst var, voru mjög fragrir. Neðantil var það grænleitt, en ofar skiptust á rauðfjólubláir og bláleitir litir, og var sem fjallið væri sólroðið efst.

Varð mér nú litið neðst á fjallshlíðina hægra megin. Sé ég þá, hvar einhver vera (maður) svífur lágt yfir jörð og heldur á einhverjum í fanginu, barni eða öllu heldur unglindi. Heyri ég jafnframt yndislega hljómlist berast að eyrum mér. Og er ég nú horfi betur sé ég að maðurinn er einnig með stórt hljóðfæri líkt útlits og harpa væri. Finnst mér hljólmarnir berast þaðan. Svífur maðurinn skáhallt upp fjallshlíðina frá hægri til vinstri og er kominn næri upp á fjallið er ég sé til hans síðast. Finnst mér hann svífa ekki hátt frá jörðu upp fjallshlíðina. Er ég hugsa um drauminn eftir á, hygg ég samt að svo muni ekki hafa verið, því ég sá hann svo greinilega sem hann væri allnærri mér. Gæti því verið að hann hefði verið nálægt mér, en aðeins borið í fjallið. Ekki kann ég þó að lýsa últiti hans eða litum á klæðnaði hans, en í draumnum þóttist ég greinilega skynja hvorttveggja. Fannst mér mikið til um þetta flug hans, og hvarflaði jafnvel að mér að hann væri úr öðrum heimi.

Þessi svífandi vera hvarf nú úr draumsýn minni en til míni kemur maður gangandi. Er hann hár og sterklegur, en ekki get ég lýst honum nánar. Er nú einnig eins og allt sem ég sé í draumnum sé dekkra eða eins og rökkur sé komið. Mun það e. t. v. stafa af þverrandi sambandi við draumgjafa minn, að því er sjónskynjun snertir. Tökum við nú tal saman, þessi nýkomni maður og ég. Segi ég honum frá, hvað fyrir mig hafði borið rétt áður. Segir hann mér það, að þetta fjall sé mjög frægt og sé kennt við hina fornu guði norrænna manna. Hafi það fyrrum verið trú manna, að guðirnir byggju í þessu fjalli og enn sjáist þeir hér stundum. Segir hann að ég muni hafa séð einn af guðunum og þykir honum það allmerkilegt. Margt fleira töluðum við saman, en ekki man ég neitt af því. Svo vaknaði ég. Fannst mér ég fyrst á eftir vera nokkru meira magnaður en venjulega og líða sérstaklega vel.

Er það í sjálfu sér ekki svo underlegt, þótt maður magnist nokkuð í draumi af því að hafa samband við fullkomnari verur annarra hnatta, og er það raunar það sem þyrfti að gerast oftar en nú á sér stað. Mundu draumsamböndin þá geta orðið uppsprettu fróðleiks og magnanar meir en algengt er ennþá.

INGVAR AGNARSSON

Fyrir mann sem kynnt hefur sér af nokkurri gaumgæfni kenningu dr. Helga Pjeturss um eðli drauma er ekki erfitt að sjá sannleikseinkennin á þessari frásögn. Hitt er aðgætandi hvort hér hefur ekki verið um tvöfalt samband að ræða eða „epigenetiskt“ eins og dr. Helgi nefndi það, þannig að hinn fagri gestur, hörpulseikarinn, hafi ekki verið augnséður af draumgjafanum heldur sambandsséður. Bendir það eindregið til þess að svo hafi verið, að misrämi var í því, hve fjarri sér dreymandinn staðsetti gestinn og þess að hann gat virt hann fyrir sér eins og hann væri nálægt.

B. G.

## DRAUMUR

Mig dreymdi þennan draum að morgni hins 19. apríl á tímabilinu frá kl. 5 og 30 m. til kl. 7.

Ég þóttist vera stödd í mjög hríkalegu fjallendi. Var ég þar á ferð með öðru fólki, þar á meðal börnum. Vorum við komin að vatnsmikilli á sem fara þurfti yfir, og var á því að mér virtist mjó trébrú, á að gizka tvö fet að breidd, sem ganga átti á yfir ána. Mér leizt nú ekki á þetta, og neitaði að ganga brúna. Var mér þá sagt, að ég gæti fengið bát, og vildi ég það heldur. Purfti ég þá að klöngrast til baka upp brattan sneiðing og ganga talsverðan spöl þaðan. Kom ég þá að vatni, sem var líkast því að vera gert af manna höndum. Var þar geysimikill grjótveggur hlaðinn, og virtist mér hann skipta dal í tvennt. Lá sá dalur frá austri til vesturs, og var vatn í eystri enda dalsins handan við grjóthleðsluna. Mér virtist dalurinn ekki mjög breiður. Allt í einu var ég svo komin í bát út á þetta vatn, en bátur þessi var ekki líkur neinum venjulegum báti. Hann var líkastur öðuskel í laginu, grynnstur í breiðari endann og dýpkaði með aðlíðandi halla fram að mjórri endanum. Hann var dökkgrænn með hvítum borðstokki, og svo var tjald (líkast topptjaldi) yfir bátnum.

Í bátnum voru tveir menn, og réri annar þeirra. Þegar hann hafði róið stundarkorn, varð mér litið út um rifu eða gat á tjaldi því, sem yfir bátnum var. Sá ég þá botn dalsins, sem áður er getið og var þar furðulegt mjög. Svo langt sem augað eygði sá ég allskonar höggmyndir á víð og dreif. Þær voru allar úr svörtu efni, en hvort það var málmur eða

grjót, gat ég ekki greint. Petta myndasafn skar sig svo ein-kennilega úr grænum grassverðinum. Það sem næst var, sa ég bezt, voru þar styttur í mannsmynd, flestar, sumar fer-lega stórar en aðrar minni. Einnig varð mér mjög starsýnt á mynd af geysistóru nauti með mjó, útstandandi horn. Petta var ekki standmynd, heldur var eins og nautið lægi þarna í grasinu. Loks spurði ég manninn, sem réri, hve langt við værum komin, og svaraði hann því til, að við værum hálfnuð. Í því vaknaði ég.

KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR

## DRAUMUR

*i júní 1956.*

Mig dreymdi að ég væri staddur í einhverri ókunnri borg. Myrkur var og skýjaflókar huldu himininn. Allt í einu kom í ljós milli skýja stór hnöttur, nokkru stærri en tunglið, og liturinn ekki ósvipaður, en nokkru gulleitari. En annan hnött miklu minni bar við þessa stóru kringlu. Var hann rauður á lit og mun hafa tekið yfir um þriðjung af þvermáli stærri hnattarins. Er ég hafði horft stundarkorn á þessa hnetti, huldust þeir aftur skýjum.

Skrifað 19. ágúst 1956

INGVAR AGNARSSON

## TÍMI HINNA BJÖRTU RISA

Einhversstaðar er til ævagömul sögn um þjóð sem bjó í litlu afskekktu landi. Þessi þjóð átti sér engan konung og lagði ekki stund á hermennsku sem aðrar þjóðir. Höfðingi hennar var valinn eftir viti og vilja til að efla kærleik og þroska allra manna. Hann átti að ganga á undan, svo að þeir er skemmtir væru komnir gætu lært af honum hvernig réttast væri lifað.

Í þetta ríki komu sjaldan menn af öðrum þjóðum, enda svo afskekkt að þangað varð ei komið nema um illfærar fjallveg, sem þó aðeins var fær lítinn tíma ár hvert. Landið var harðbýlt og lifði fólkvið á fiski úr ám og vötnum og þeim fáu jarðarávöxtum sem þar gátu sprottið. Það sögðu erlendir menn er gist höfðu land þetta, að landsmenn ættu musteri þau er fegurst væru allra bygginga, voru þau byggð úr steintegund sem ei fannst í öðrum löndum. Steinn þessi hafði lit silfurs og þá náttúru að aldrei varð dimmt í musterum um daga, þó gluggar væru litlir og fáir. Það vakti einnig undrun ferðalanga að þegar landsmenn gengu í musterin um nætur og tendruðu ljós inni, þá lýsti steinninn umhverfi musteranna, þótt myrkur væri úti. Landsmenn komu oft saman í musterunum, ýmist á degi eða nóttu, og hvíldi mikil helgi á þeim fundum. Þar stjórnuðu þeir sem bezt voru fallnir til forystu, ákölluðu þeir guði sína að veita sér styrk til að verða kærleksríkari og réttsýnni svo að þeir mættu veita öðrum sem mesta hjálp.

Það er sagt að einhvern tíma hafi verið í þessu landi þjóð-höfðingi er Korgur hétt. Var hann fremri öllum þeim er áður höfðu verið, ríkti hann í langan aldur og jók þroska landsmanna meir en dæmi voru til. Eftir hans dag var stjórnartímabil hans ávallt nefnt „Tími hinna björtu risa“.

Pótti slík nafngift undarleg þar sem vitað var að fólk af þessari þjóð var smávaxið og allir nágrannar þess líkir á vöxt. En sagan geymir þó nokkurn fróðleik um risa þessa og tilkomu þeirra.

Eitthvert sinn er Korgur stjórnaði fundi í „Musteri Ljóssins“ og ákallaði guði landsmanna, birti skyndilega í musterinu, svo mjög að slíka birtu höfðu menn eigi áður séð. Í sama mund hófst mökkur af gólfí, smáþéttist og tók á sig mannsmynd og varð að risa miklum og björtum. Risi þessi var hálfu hærri en landsmenn og svo fagur að enginn vissi dæmi slíks. Stafaði frá honum birtu svo mikilli að trauðla varð horft gegn. Það fundu menn að hann skóp þeim orku meiri en áður höfðu þeir og að góðvilji þeirra og vit uxu mjög við tilkomu hans. Risi þessi benti á stjörnur himinsins og kvað þar bústaði manna þeirra er landsmenn kölluðu guði. Sjálfur kvaðst hann kominn frá stjörnunum, byggði ætt hans jörð við fjarlæga stjörnu, kvað hann jörð þá sama eðlis og hnött þann er menn byggðu hér. Sagði hann lífverur alls heims í stöðugu sambandi sín á meðal, bæði vitandi og óvitandi, og væri það lífsskilyrði að slíkt samband héldist. Samband þetta birtist í mörgum myndum og væru draumar manna einn þáttur þess. Dauðann kvað hann að eins flutning líforku frá einum hnetti til annars, en þegar vissum þroska væri náð mætti ferðast þannig milli hnatta að vild, eins og hann gerði nú, án þess að deyja. Hvatti hann menn til að vinna þau góðverk er þeir mættu, því að þau hjálpuðu ekki aðeins þeim sem unnið væri fyrir, heldur öllum lifendum, hvar í heimi sem þeir væru. Fleira miklu kenndi hann mönnum, þó flest sé nú í gleymsku fallið.

Pannig liðu tímar, risar voru tíðir gestir landsmanna og það fundu menn að veður urðu betri og jarðargróður grózkumeiri en líkindi voru til. Nágrannar þessa litla ríkis höfðu spurnir af stórmerkjum þessum og töldu sig eigi síður eiga að njóta þessara gæða. Konungar ríkja þeirra er næst

lágu landi þessu, sendu menn á fund landsmanna og báðu þá veita sér hlut í árgæzku landsins. Sendiboðar komu aftur og fluttu þau boð að öllum væri mögulegt að hljóta sömu árgæzku, en til þess þyrftu menn aðeins að efla góðvilja sinn og vit eftir föngum. Konungum fannst fátt um svör þessi, og er sá tími kom, að vegir urðu aftur færir, efldu þeir heri mikla og héldu á fjöll upp og komst liðið við illan leik til þessa litla ríkis. Heimtuðu herirnir öll gæði af landsmönum og kröfðu þá um leyndardóma velfarnaðar þeirra. Landsmenn höfðu uppi hin sömu svör og þá er sendimenn komu, og gekk á þessu nokkurn tíma. Þar kom þó að hermenn brutu musteri landsmanna og drápu eða limlestu marga þeirra. Í fyrstu virtust slíkar aðgerðir aðeins gera landsmenn samheldnari, en þar kom að hugir þeirra hörðnuðu og varð sumum á að hata hina óboðnu gesti. Pannig liðu mörg ár, hatrið gróf um sig, menn gleymdu smátt og smátt þeim fræðum sem fengust á dögum Korgs og þeirra manna sem beztir höfðu verið með þessari þjóð. Landið spilltist aftur og veður urðu strið. Hinir útlendu hermenn gerðust nú eirðarlithir og héldu aftur til sinna landa, kváðu þeir lítinn slæg í grjóti og gölnu fólk. Lögðust nú af herferðir og samgöngur við landið.

Tími hinna björtru risa var liðinn, minningin um hann lifði aðeins sem þjóðsaga er mæður sögðu börnum sínum á löngum kvöldum. Rústir musteranna voru einu sýnilegu merkin um gengna gæfu þessarar litlu þjóðar. Þó fundust alltaf meðal landsmanna gamlir þulir er spáðu endurkomu risanna, ef fólkid aðeins vildi tileinka sér þá lífsstefnu er ríkti á dögum Korgs. Til marks um þetta sögðu þeir að börn þættust oft sjá framandi birtu í rústum musteranna.

Hvort þjóðin hefur aftur náð hinni fornu lífsstefnu, er ekki vitað, en tími hinna björtru risa hefur ekki komið aftur.

## HEILSULIND TÁRANNA

Fyrir löngu hef ég vitað því haldið fram, að hláturinn lengi lífið, og þykir mér ekki ólklegt, að eitthvað sé til í því, og þá meðal annars af því að skálđið Goethe kvað hafa haldið þessu fram. Goethe hygg ég að hafi verið vitur maður, og eru því miklar líkur til, að hann hafi ekki haldið nokkru fram án þess að hafa fundið ástæðu til þess. En nú sá ég nýlega í einhverju blaði, að læknir nokkur eða líffræðingur haldi því fram, að gráturinn lengi lífið, og þykir mér það merkilegt vegna þess, að mér hafði fyrir nokkrum árum skilizt einmitt í sömu átt. Vík ég að þessu í *Íslenzkri stefnu* í grein, sem ég nefndi *Flug*. Læt ég mér þar detta í hug, að gráturinn sé einhverskonar eftirgjöf ekki alveg óskyld því, sem svefninn er, og að fyrir þá eftirgjöf skapist nokkur sérstök skilyrði fyrir hinn skapandi kraft lífsins til þess að koma hinum hrygga manni til aðstoðar með því að magna hann til fjörs og gleði. Þótti mér kvæði Kristjáns Jónssonar, *Tárið*, benda í þessa átt. „Mér himneskt ljós í hjarta skín í hvert sinn er ég græt,“ segir þar, og er skálđið þar einfaldlega að lýsa því, sem grátinum fylgir, og hittir þar alveg á hið rétta. Það sem gerist, þegar hinn hryggi maður linar á stolti sínu á þann hátt, að hann sezt niður til þess að gráta, er ekkert annað en tilkoma þess magns, sem að lífinu stendur og réttilega er því nefnt himneskt ljós. Og nú dettur mér aftur í hug Goethe, eða það, að hann hafi einnig fundið þetta á líkan hátt og Kristján Jónsson. Til þess bendir þessi vísa hans, sem þannig er í íslenzkri þýðingu, líklega þó heldur klaufalega gerðri:

Ef bugast einhver aldrei létt  
ef aldrei værðarlaus á kvöldin  
á hvílu sinni sat og grét,  
sá veit ei ykkur, almættisvöldin.

(Wer nie sein Brod mit Tränen ass,  
Wer nie die kummervollen Nächte  
Auf seinem Bette weinend sass,  
Der kennt euch nicht, ihr himmlischen Mächte.)

PORSTEINN JÓNSSON  
á Úlfssstöðum.

## NORÐURLJÓSASTJARNAN

Þessi litla frásaga er ekki af draumi, þó að hún gerðist að nóttu. Hún er samt af sýn, sem í ljóma sínum og einfaldleik gagntók mig. Og af því ég hef ekki heyrт neitt áður um slíkt fyrirbæri, sendi ég félagsblaðinu þessa stuttu frásögn. Másk kemst hún þá í snertingu við einhvern, sem fær á-huga á henni, á einhvern hátt.

Það var aðfaranótt föstudagsins 1. apríl s. l. að ég vaknaði af værum blundi, eins og ég hafði ætlað mér kl. þrjú, til að leysa spenabond af kú, sem borið hafði kvöldið áður og verið dæld doðadælingu. Milli heimilis míns, vestra Þórlaugargerðis, og fjóssins, sem ég þurfti að fara til, að Ofanleiti, er um 200 metra leið. Á leiðinni úteftir tók ég eftir því, að það var óvenju bjart. Tunnglanginn var þó löngu genginn undir, mun hafa verið aðeins þriggja til fjögurra nátta, og ekki tók ég eftir norðurljósum á leiðinni úteftir. Sá þó skírt var allt háloftið, en skýjað í kring. Gekk ég svo til fjóssins og gerði það sem til stóð. En er ég hélt heimleiðis astur, tók ég þegar eftir ljóstauumum á himinum, enda var birtan nú sem skærust. Stend ég þá við og horfi til himins og sé þá beint yfir mér allstóran ljósan stjörnukjarna, sem þó er ofurlitið daufari í miðjunni og út frá honum ganga í allar áttir mjög skýrir og langir gulbjartir ljóstauumar, svo að segja má að öll heiðrikjan væri skrýdd ljósörmum þessarar fögru stjörnu. Ég hygg, að ég hafi staðið við svo sem 10 mín., gagntekinn af þessari stórbrotnu sýn, og fannst mér, að hún myndi táknaðen á þann hátt, að frá þjóð minni mundi stafa nokkur ljósmagni yfir heiminn, þar sem kjarni stjörnunnar var beint uppfir. Dylst mér þó ekki, að í

þeirri skýringu birtist einig óskhyggja míð. Alla þá stund, sem ég stóð þarna við, var stjarnan með sömu ummerkjum og bar ekki á þeirri hreyfingu eða flugi, sem venjulega er á norðurljósnum. En þó virtist mér ljósmagnið heldur dofnar.

Áður en ég gekk í bæinn, leit ég enn upp, og var þá svo umbreytt, að líkast var því, að kjarni stjörnunnar hefði verið skorinn um miðju frá norðri til suðurs, og var eystri helmingurinn alveg horfinn, en sá vestri þannig breyttur, að frá honum gengu þrír stuttir en breiðir geislar, og stóð svo, er ég lokaði hurðinni. Mun þá kl. hafa verið tæplega 3,40.

PÁLL H. ÁRNASON

# FÉLAG NÝALSSINNA

*Stofnað 1950.*

Tilgangur þess er að vekja athygli á kenningum dr. Helga Pjeturss um lífsamband við íbúa annarra hnatta og að vinna að eflingu slíkra sambanda.

## STJÓRN FÉLAGSINS SKIPA:

BENEDIKT BJÖRNSSON, *formaður*  
Álfheimum 38, Rvík, sími 32372.

PORSTEINN GUÐJÓNSSON  
Sólheimum 23, Rvík, sími 35683.

INGVAR AGNARSSON  
Hólabraut 4, Kópavogi, sími 10593.

PORSTEINN JÓNSSON  
Úlfssöðum Hálsasveit.

SVEINBJÖRN PORSTEINSSON  
Skálholtsstíg 2, Rvík.

---

## ÍSLENZK STEFNA

*Timarit gefið út af Félagi Nýalssinna.*

1951 1 hefti .....	kr. 10.00
1952 2 — .....	— 10.00
1956 1 — .....	— 10.00
1962 1 — .....	— 20.00

Heftin eru fáanleg hjá Ísafold og Eymundsson.

# NÝALL

1919–1947.

Verð á ritum dr. Helga Pjeturss, endurútgefnum af Félagi Nýalssinna:

	Óbundið	Shirt.	Skinnb.
Nýall . . . . .	100.00		
—	75.00		
Ennýall . . . . .	55.00		
—	41.25		
Framnýall . . . . .	65.00		
—	48.75		
Viðnýall . . . . .	30.00		
—	22.75		
Sannýall . . . . .	50.00		
—	37.50		
Pónýall . . . . .	80.00		
—	60.00		
Nýalsbindin, 6 bindi . . . . .	365.00	495.00	675.00
— — —	275.00	375.00	510.00

Efri talan merkir búðarverð bókanna en hin neðri verð þeirra hjá félaginu. Kaupendur geta sent pantanir sínar í pósthólf félagsins 1159 eða snúið sér til stjórnarmanna félagsins.

Bækurnar verða jafnan fáanlegar í bókabúðum Ísafoldar og Eymundsson.

## E F N I

<i>Íslenzk stefna</i> , Þorsteinn Jónsson .....	BLS. 1
<i>Gleymu aldrei mætti lifsins</i> , Flosi Björnsson .....	— 2
<i>Láttu skína</i> , P. J. .....	— 4
<i>Pú ert ekki stór</i> , P. J. .....	— 4
<i>Síðustu forvöð</i> , Þorsteinn Jónsson .....	— 5
<i>Um sambandssálfræði</i> , Þorsteinn Þorsteinsson .....	— 6
<i>Lausn gátunnar um líf og dauða</i> , Þorsteinn Jónsson .....	— 12
<i>Endurholdgun og líffræði</i> , Sveinn P. Vikingur .....	— 23
<i>Orsakir skapa</i> , P. J. .....	— 26
<i>Hnöttur Pýðagórasar</i> , Þorsteinn Guðjónsson .....	— 27
<i>Um sumarauka</i> , Þorsteinn Guðjónsson .....	— 30
<i>Gleipnir</i> , P. J. .....	— 31
<i>Viðleitni að handan</i> , S. H. .....	— 32
<i>Draumur, þar sem litaskynjunin breyttist</i> , Ingvar Agnarsson .....	— 34
<i>Draumur 14. marz 1960</i> , Ingvar Agnarsson .....	— 36
<i>Draumur</i> , Kristín Guðmundsdóttir .....	— 38
<i>Draumur i júní 1956</i> , Ingvar Agnarsson .....	— 39
<i>Tími hinna björtu risa</i> , H. S. .....	— 40
<i>Heilsulind táranna</i> , Þorsteinn Jónsson .....	— 43
<i>Norðurljósastjarnan</i> , Páll H. Árnason .....	— 45

